

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun, sbr. 11. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., er kr. 4.500.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, skal vera kr. 4.500 á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna, sbr. 1. og 2. gr., skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem er ákveðið af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarsjóðs í hverju úrskurðarmáli.

6. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins ár hvert.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt hefur verið í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. maí 2005.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.